



3. DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn á Selfossi 29. nóvember 2018

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 17.30
Fundarstaður Fjölbrautarskóli Suðurlands.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður var forfölluð vegna veikinda og Ingibjörg Ingadóttir varaformaður boðaði forföll svo Eydís Katla gjaldkeri setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Boðið var upp á jólaglögg og piparkökur við kertaljós í vinnustofu Guðríðar Egilsdóttur.

2. Nafnakall og voru 20 mættar, þar af 3 gestir.

3. Ritari las upp fundargerð síðasta fundar.

4. Erindi dagsins.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir æskulýðsfulltrúi Selfosskirkju sagði frá starfi sínu. Starfið í kirkjunni er umfangsmikið og mjög fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa frá minnstu börnum til foreldra. Meðal þess sem Jóhanna Ýr sagði okkur frá voru foreldramorgnar, fjölskyldumessur, kirkjubrall og æskulýðsfundir með fjölbreytt viðfangsefni. Starfið byggir á kristilegum grunni, en fyrir börn og unglinga er mikilvægt að geta komið saman á góðum stað með vinum og leika sér eða bara vera. Hún talaði einnig um mannauðinn í unga fólkinu, leiðtogaskólann og leikandi landsmót. Mjög áhugavert var að heyra um aðventuheimsóknir skóla- og leikskólabarna í kirkjuna þar sem jólasagan er kynnt fyrir þeim, sama sagan að sjálfsgöðu, en með mjög mismunandi leikrænum útfærslum milli ára. Allt þetta er að sjálfsgöðu valkvætt og allir velkomnir í kirkjustarfið. Þökkum Jóhönnu Ýr kærlega fyrir komuna, greinilega frábært starf í Selfosskirkju.

5. Orð til umhugsunar

Guðrún Sigríks Sigurðardóttir flutti okkur orð til umhugsunar.

Þemað var tuð og kvartanir og hvernig við getum tamið okkur að vera jákvæðari í daglegu lífi. Góður pistill og orðin vöktu okkur sannarlega til umhugsunar, góð áminning.

6. Happraettið var á sínum stað og Gunnvör Kolbeinsdóttir hlaut vinninginn.

7. Önnur mál og fundarslit.

8. Eftir fundinn var farið á Hótel Selfoss og borðaður dýrindis þríréttaður aðventu-
kvöldverður. Notalegt umhverfi, virkilega góður matur og frábært spjall við borðið.